



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 16. febrúar, 2012

Ákvörðun nr. 3/2012

Samningar Kópavogsbæjar vegna líkamsræktarstöðva sem reknar eru í húsakynnum sundlauga Kópavogs

I

Málsatvik

1.

Með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála, nr. 18/2005, *þrek ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*, lagði nefndin fyrir Samkeppniseftirlitið að rannsaka og taka ákvörðun að nýju í máli þreks ehf. (hér eftir þrek), sem kvartað hafði yfir leigusamningi Kópavogsbæjar og Medic Operating AB (hér eftir Actic) vegna húsnæðis til reksturs líkamsræktarsalar í húsakynnum Salalaugar í Kópavogsbæ.

Í erindi þreks til samkeppnisyfirvalda var þess krafist að þau staðfestu að umræddur leigusamningur milli Actic og Kópavogsbæjar bryti í bága við samkeppnislög. Krafðist þrek þess að Kópavogsbæ yrði bannað að leigja Actic aðstöðu fyrir slíkan rekstur. Til vara krafðist þrek þess að skilyrði yrðu sett fyrir leigusamningnum sem tryggðu að fyrirtækið greiddi „fullt verð fyrir alla þá aðstöðu og þjónustu sem fyrirtækið fær frá Kópavogsbæ, þar með talið aðgang að búningasklefum, sturtum, vatnsgufu og aðstöðu í setustofu, þjónustu starfsfólks og fyrir rekstrarvörur.“ Samkeppniseftirlitið hafði komist að þeirri niðurstöðu, í ákvörðun nr. 5/2005, að ekki væri ástæða til að hafast að í málinu.

Þess ber að geta að þrek er ekki lengur starfandi á markaði. Laugar ehf. (hér eftir Laugar) starfrækja nú þær líkamsræktarstöðvar sem þrek ehf. starfrækta áður og eru þær reknar í sömu húsakynnum og með sama nafni og áður, þ.e.a.s. undir heitinu World Class.

Vinnsla þess máls hefur tafist hjá Samkeppniseftirlitinu vegna anna í öðrum verkefnum.

2.

Í máli þessu hefur áfrýjunarnefnd samkeppnismála lagt fyrir Samkeppniseftirlitið að taka afstöðu að nýju til álitaefna er varða rekstur líkamsræktarstöðva í tengslum við starfrækslu Kópavogsbæjar á sundlaugum og íþróttamannvirkjum í Salahverfi. Var lagt fyrir Samkeppniseftirlitið að rannsaka í því samhengi hvort og þá að hve miklu leyti kvartandi í málinu, þrek, og Actic, viðsemjandi Kópavogsbæjar, væru í samkeppni. Þá var



lagt fyrir eftirlitið að rannsaka hvaða þjónusta væri veitt fyrir það gjald sem Actic greiðir fyrir sundlaugarkort í sundlaugum Kópavogs og svara þeirri spurningu hvort þetta gjald standi undir raunkostnaði við að veita þjónustuna. Að því loknu var lagt fyrir Samkeppniseftirlitið að meta hvort samkeppni væri raskað með samningnum milli Actic og Kópavogsbæjar.

Í kjölfar úrskurðar áfrýjunarnefndar aflaði Samkeppniseftirlitið víðtækra rekstrarupplýsinga, gagna og sjónarmiða hjá Kópavogsbæ og kvartanda í málinu. Þann 28. október 2010 sendi Samkeppniseftirlitið Kópavogsbæ andmælabréf vegna málsins, þar sem komist var að þeirri frumniðurstöðu að samningar bæjarins við líkamsræktarstöðina væru skaðlegir fyrir samkeppni. Kópavogsbær sendi Samkeppniseftirlitinu athugasemdir við efni andmælasjalsins með bréfi, dags. 4. nóvember 2010. Í framhaldi voru kæranda og Actic send afrit af andmælasjalinu og svörum Kópavogsbæjar og óskað eftir athugasemdum frá þeim.

Í framhaldi áttu sér stað viðræður milli fulltrúa Samkeppniseftirlitsins og Kópavogsbæjar sem hafði óskað þess að ljúka málinu með sátt í samræmi við 17. gr. f samkeppnislaga. Drög að sátt voru kynnt fyrir fulltrúum rekstraraðila líkamsræktarstöðva World Class og viðsemjanda Kópavogsbæjar, Actic. Skrifuðu fulltrúar Kópavogsbæjar og Samkeppniseftirlitsins loks undir sátt í málinu, dags. 5 desember 2011, sem felur í sér meginatriði ákvörðunarorða Samkeppniseftirlitsins í máli þessu.

II

Markaður málsins.

Samkvæmt ákvæði 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, þ.e. annars vegar á vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar á landfræðilega markaðinn.

Með viðkomandi vöru- eða þjónustumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar, sbr. ákvæði 4. gr. samkeppnislaga. Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Í úrskurði áfrýjunarnefndar nr. 18/2005 kom fram að áfrýjunarnefnd telur rétt að skilgreina markaðssvæði líkamsræktarstöðva á höfuðborgarsvæðinu þannig að það taki jafnt yfir Reykjavík og nágrenni og þar með Kópavog. Samkeppniseftirlitið gekk út frá þessari skilgreiningu á markaðnum við rannsókn málsins og hefur enginn ágreiningur verið um það mat. Er því óþarft að fjalla nánar um þessa hlið málsins.



Samkeppniseftirlitið aflaði ýmissa gagna og upplýsinga til þess að leggja mat þjónustumarkað málsins. Sé tekið mið af gögnum og upplýsingum um líkamsræktarstöðvar World Class og Actic telur Samkeppniseftirlitið að ætla megi að markhópur beggja stöðva sé svipaður auk þess sem þjónusta beggja aðila verði að teljast áþekk, sér í lagi þegar sjónum er sérstaklega beint að þjónustu og aðstöðu í íþróttamiðstöðinni í Versölum og hún borin saman við sumar World Class stöðvar. Á hinn bóginn er talsverður verðmunur á árgjöldum líkamsræktarstöðvanna. Þessi sjónarmið eiga einnig við um fleiri líkamsræktarstöðvar.

Samkeppniseftirlitið telur að önnur fyrirtæki starfi á sama landfræðilega markaði og sama eða tengdum þjónustumarkaði og Actic. Þá telur Samkeppniseftirlitið að fleiri fyrirtæki gætu haslað sér völl á þeim markaði sem Actic starfar á ef þau teldu að það væri hagkvæmt. Það hvort slíkur rekstur er hagkvæmur ræðst hins vegar af því hvort aðgangshindranir eru inn á markaðinn eða tengda markaði. Þar með skiptir máli hvort þau fyrirtæki sem fyrir eru njóti beins eða óbeins stuðnings t.d. frá sveitarfélögum sem nýir aðilar myndu ekki njóta, sbr. tilefni máls þessa.

Í ljósi framangreinds og þeirrar sáttar sem fyrir liggur í málinu, telur Samkeppniseftirlitið ekki þörf á að fjalla nánar um skilgreiningu markaðar í málinu.

III.

Aðgangshindranir tengdar samningi Kópavogsbæjar og Actic

1.

Þjónusta sem Kópavogsbær veitir viðskiptavinum Actic

Úrskurður áfrýjunarnefndar í máli nr. 18/2005 felur í sér að greina þurfi hvaða þjónustu Kópavogsbær veitir Actic og viðskiptavinum Actic fyrir það gjald sem greitt er fyrir sundlaugarkort. Í þjónustunni felst að Kópavogsbær sér um að selja viðskiptavinum Actic árskort í sundlaugar bæjarins samhliða því að selja þeim árskort í líkamsræktarstöðvar Actic. Viðskiptavinir Actic nýta sér síðan þá aðstöðu og þjónustu sem boðið er upp á í sundlaugum bæjarins. Kópavogsbær veitir m.ö.o. viðskiptavinum Actic alla þá þjónustu sem bærinn veitir þeim einstaklingum sem fara í sund í laugunum.

Þá sér Kópavogsbær um að gera upp við Actic vegna sölu aðgangskorta einu sinni í mánuði. Þannig sinnir Kópavogsbær sölustarfsemi fyrir Actic auk tilheyrandi bókhaldsþjónustu og uppgjör- og greiðsluþjónustu í tengslum við þá þjónustu sem Kópavogsbær veitir viðskiptavinum Actic.

Auk þessa sér Kópavogsbær um að greiða fyrir rafmagn og hita í því húsnæði sem Actic leigir sérstaklega fyrir líkamsræktaraðstöðuna, en þessi hluti þeirrar þjónustu sem Kópavogsbær veitir Actic telst vera hluti af húsaleigusamningi Actics og Kópavogsbæjar.

2.

Kostnaður við að taka á móti almennum sundlaugargestum og gestum Actic.

Þegar lagt er mat á kostnað við rekstur sundlaugar og hvar sá kostnaður myndast, ber að mati Samkeppniseftirlitsins að hafa í huga að í sundlauginni þarf að vera tiltekið magn af heitu vatni óháð fjölda sundlaugargesta. Þá þarf öryggisgæslu við sundlaugina. Enn



fremur er ljóst að kostnaður vegna heits vatns er tiltölulega lítill hluti rekstrarkostnaðar sundlauga í Kópavogi, og benda gögn málsins til þess að hann sé u.þ.b. 3,5% samanlagðs kostnaðar í báðum sundlaugunum. Þá verður ekki betur séð en að tiltölulega lítill hluti af kostnaði vegna heits vatns, að því leyti sem hann fellur til vegna notkunar í sundlaug og heitum pottum, geti talist breytilegur kostnaður.

Á hinn bóginn blasir við að í fata- og baðklefum á sér stað meiri notkun vatns, sápu og fataskápa, eftir því sem gestir eru fleiri, auk þess sem vænta má meiri kostnaðar sem tengist afgangi, eftirliti í baðklefum og þrifum á húsnæðinu eftir því sem fleiri gestir koma í Íþróttamiðstöðina. Af þessu leiðir það mat Samkeppniseftirlitsins að breytilegur kostnaður við móttöku gesta í sundlaugum myndist fremur í anddyri, afgangi, göngum og fata- og baðklefum, heldur en í sundlauginni sjálfri.

Samkeppniseftirlitið telur því að það felist sambærilegur kostnaður í því fyrir Kópavogsbæ að taka á móti gestum Actic hvort sem þeir fara eingöngu í sund, eingöngu í líkamsræktina eða bæði í líkamsrækt og sund. Með sama hætti sé kostnaður Kópavogsbæjar af því að taka á móti almennum sundgestum því að jafnaði ekki meiri en kostnaður bæjarins af því að taka á móti einstökum viðskiptavinum Actic.

3.

Stendur gjaldið sem Actic greiðir Kópavogsbæ undir raunkostnaði við þjónustuna sem bærinn innir af hendi?

Í úrskurði áfrýjunarnefndar í máli nr. 18/2005 kemur fram að þegar búið sé að greina hvaða þjónusta felist í gjaldi fyrir aðgang að sundlaugum Kópavogsbæjar, eða m.ö.o. hvaða þjónusta sé veitt gegn greiðslu þess gjalds sem greitt er fyrir sundlaugarkort viðskiptavina Actic, þurfi að greina hvort gjaldið standi undir raunkostnaði Kópavogsbæjar við að inna þjónustuna af hendi.

Að mati Samkeppniseftirlitsins gildir almennt að þegar kveðið er á um að tiltekin starfsemi skuli standa undir raunkostnaði, þurfi að greiða fyrir öll aðföng starfseminnar á markaðsverði, þar með talið t.d. húsnæði. Þegar um er að ræða aðföng sem ekki eiga sér eiginlegt markaðsverð sé meginreglan sú að líkja þurfi eftir verðlagningu markaðarins. Þá er ljóst að starfsemi sem þarfnast og nýtur niðurgreiðslu frá hinu opinbera, sbr. rekstur almenningsundlauga, stendur almennt séð ekki undir raunkostnaði.

Upplýsingar frá Kópavogsbæ, í bréfi dags. 12. feb. 2007, um tekjur og kostnað við rekstur Íþróttamiðstöðvar við Versali gefa til kynna að niðurgreiðsla bæjarins til reksturs Íþróttamiðstöðvar og sundlaugar við Versali hafi verið veruleg. Komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að á árinu 2006 hafi þessi niðurgreiðsla numið að minnsta kosti um 75 milljónum kr. Launakostnaður einn hafi verið um 100 m. kr. árið 2006, þar af um 78 m. kr. vegna sundlaugar og líkamsræktarmannvirkis. Þá var húsnæðiskostnaður um 52 m. kr. og heildarkostnaður um 169 m. kr. miðað við 78 m. kr. launakostnað. Samanlagður rekstrarkostnaður hafi numið tæpum 192 millj. kr. en um 160 m. kr. ef tekið væri tillit til sjónarmiða bæjarins varðandi kostnað við starfsmannahald. Heildartekjur Íþróttamiðstöðvarinnar voru um 93 m. kr. en tekjur af aðgangseyri í



sundlaug Versala um 36 m. kr. vegna sölu til almennra gesta og um 15,4 m. kr. vegna sölu sundkorta til gesta Actic í Versölum.

Þessar tölur segja ekki til um það einar og sér hvort viðskipti bæjarins við Actic sérstaklega, vegna veittrar þjónustu og aðstöðu í Versölum og eftir atvikum í Sundlaug Kópavogs, séu einnig niðurgreidd. Til þess að leggja mat á það er nauðsynlegt að huga að umfangi þessara viðskipta, sbr. umfjöllun hér á eftir.

Viðskiptavinir Actic eru mjög drjúgur hluti viðskiptavina sundlauga í Kópavogi. Þetta má sjá á töflu 3 hér fyrir neðan sem sýnir fjölda almennra gesta í sundlaugunum og hlut gesta Actic í þeim fjölda, skv. uppl. í bréfi Kópavogsbæjar, dags. 12. febr. 2007 og uppl. í bréfi bæjarins dags. 17. des 2010.¹

Tafla 3. Sundgestir í Versölum. Hlutfall gesta frá Actic.

Versalir	fjöldi gesta	fjöldi gesta Actic	Gestir Actic %
2006	326.761	118.109	36,1%
2007	353.327	109.292	30,9%
2008	346.013	115.861	33,5%
2009	349.617	124.801	35,7%
2010	308.000	108.750	35,3%

Tafla 4. Sundgestir í Sundlaug Kópavogs. Hlutfall gesta frá Actic.

Sundl. Kóp	fjöldi gesta	fjöldi gesta Actic	Gestir Actic %
2006	230.533	96.408	41,8%
2007	219.391	79.491	36,2%
2008	352.293	114.743	32,6%
2009	461.290	159.372	34,5%
2010	424.800	160.950	37,9%

Þessar töflur sýna að afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum Actic var umtalsverður hluti af starfsemi sundlauga Kópavogs á árunum 2006 - 2010 sem fólst í þjónustu í afgreiðslu sundlauganna og þeirri þjónustu sem gestum var veitt í bað- og fataklefum lauganna. Þá ber að líta til þess að gestir Actic nýta sér sundlaugarnar sjálfar og heita potta eftir hentugleikum þótt ekki liggi fyrir tölur sem geti varpað ljósi á að hve miklu leyti gestir Actic nýti sér þessa þjónustu sundlauga Kópavogs.

Samkeppniseftirlitið telur að þessar tölur gefi grófa hugmynd um kostnaðarskiptingu bæjarins af því að taka á móti gestum Actic annars vegar og að taka á móti almennum sundgestum hins vegar í ofangreindar íþróttamiðstöðvar. Vísast í því sambandi í

¹ Athugið að í þessari töflu er skólasund ekki meðtalið. Börn í skólasundi greiða ekki fyrir aðgang. Skólabörn fóru rúmlega 30 þúsund sinnum í skólasund í sundlaug í Versölum og um 43 þúsund sinnum í Sundlaug Kópavogs á árinu 2006.



umfjöllun hér að ofan, þar sem lýst var því mati eftirlitsins að kostnaður bæjarins af því að taka á móti hverjum gesti Actic væri sambærilegur við kostnaðinn af því að taka á móti almennum sundgesti.

Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að leggja nákvæmara mat á tekjur, kostnað og tap af rekstri Íþróttamiðstöðvar í Versölum og Sundlaugar Kópavogs, né heldur nákvæmt mat á afkomu bæjarins af viðskiptum við Actic á árinu 2006 eða síðar. Hér blasir þó við að af almennum gestakomum, þ.e. öðrum en komum skólabarna, voru gestir á vegum Actic um 36% allra almennra gesta Íþróttamiðstöðvarinnar Versölum, og sé litið til beggja sundlauganna var hlutfallið um 38,5% á árinu 2006. Á árunum 2006 – 2010 voru gestir Actic um 35% allra sundgеста í sundlaugunum tveimur. Gestir Actic greiddu þó aðeins um 31% af samanlögðum aðgangseyri almennra gesta í Versölum á árinu 2006. Þegar litið er til sundlauganna beggja, voru tekjur vegna sölu aðgangskorta til Actic um 33,5% af samanlögðum tekjum af sölu aðgangskorta á tímabilinu 2007 – 2010. Samanlagður aðgangseyrir gesta Actic og almennra gesta dugir á hinn bóginn ekki til að greiða fyrir rekstur þessara sundlauga.

4.

Gjaldskrá í sundlaugar Kópavogs. Magnafsláttur.

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 22/2004 þar sem fjallað var um líkamsræktarstöð Actic í Hafnarfirði og vísað var til sem fordæmis í fyrri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli þessu, var tekið fram að kærandi hefði ekki kvartað yfir verðlagningu fyrir aðgang að sundlaugum. Í þessum ákvörðunum samkeppnisyfirvalda var ekki fjallað ítarlega um verðlagningu sundkorta og afsláttarkjör Kópavogsbæjar. Úrskurður áfrýjunarnefndar nr. 18/2005 í máli Þreks ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu og ofangreind niðurstaða Samkeppniseftirlitsins um niðurgreiðslu á starfsemi sundlauganna í Kópavogi gefur hins vegar tilefni til að huga að verðlagningu sundkorta.

Árskort í sund eru seld skv. gjaldskrá Kópavogsbæjar. Í töflu 4 hér fyrir neðan er sýnd gjaldskrá fyrir árskort í sund. Gjald fyrir árskort var hækkað þann 1. febrúar árið 2010 og er gjaldskráin sýnd bæði fyrir og eftir þá breytingu. Einnig eru sýnd afsláttarkjör í magnkaupum í samanburði við verð á einu árskorti þegar keypt eru 19 árskort í senn eða færri.

Tafla 5. Gjaldskrá Kópavogsbæjar fyrir árskort í sund. Taflan sýnir verð á einu korti sem keypt er með afslætti og afsláttarhlutfall.

Fjöldi korta	Verð fram til 1. feb. 2010	Afsláttur fram til 1. feb.2010	Verðskrá frá 1. febr. 2010	Afsláttur frá 1. feb. 2010
1-19 árskort	17.500	0%	21.000	0%
20 árskort	15.750	10%	19.000	10%
100 árskort	14.000	20%	17.000	19%
200 árskort	12.250	30%	14.750	30%
400 árskort	10.500	40%	12.500	40%
600 árskort	8.750	50%	12.500	40%
800 árskort	7.000	60%	8.500	60%



Þær breytingar sem gerðar voru á gjaldskránni í febrúarmánuði 2010 fólu í sér verðhækkun en ekki umtalsverða breytingu á hlutfallslegum afslætti ef frá er talinn magnafsláttur fyrir 600 árskort og allt að 800 árskortum.² Eins og sjá má er mikill magnafsláttur veittur af árskortum og vilji viðskiptavinur kaupa 800 árskort eða fleiri getur hann fengið þau með 60% afslætti. Gjaldskráin er þannig að eftir því sem fleiri árskort eru keypt í senn, fæst meiri afsláttur. Samkvæmt upplýsingum frá Kópavogsbæ er það afar óalgengt að fleiri en 20 árskort séu keypt í einu. Þannig mun aðeins eitt dæmi vera um að annar aðili en Actic hafi keypt árskort í sundlaugarnar með magnafslætti á árinu 2006.

Árskort sem keypt eru fyrir viðskiptavinum Actic eru öll keypt á mesta magnafslætti, þ.e. fyrir 7.000 kr. (fram til 1. febrúar 2010 en 8.500 kr. eftir það), samkvæmt samningi milli Kópavogsbæjar og Actic, dags. 24. júní 2004, um aðstöðu í Íþróttamiðstöðinni.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er erfitt að sjá, hvaða viðskiptalegar forsendur geti verið fyrir verðskrá af því tagi sem hér um ræðir. Sér í lagi virðist erfitt að sjá á hvaða forsendum Actic nýtur þessa afsláttar í ljósi þess að viðskiptavinir Actic kaupa árskortin hver fyrir sig með sambærilegri fyrirhöfn fyrir afgreiðslufólk í sundlaugunum og þegar einstakir sundgestir kaupa árskort.

Þá blasir við að Kópavogsbær sinnir fleiri verkefnum fyrir Actic þessu tengd, s.s. uppgjör-, bókhalds- og greiðsluþjónustu eins og áður er getið.

5.

Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins um þjónustu Kópavogsbæjar við viðskiptavinum Actic, hvort gjald fyrir hana standi undir raunkostnaði og um gjaldskrána.

Samkeppniseftirlitið telur að sú þjónusta sem Kópavogsbær veitir viðskiptavinum Actic sé sambærileg við þá þjónustu sem bærinn veitir almennum sundgestum í Íþróttamiðstöðvum sínum. Kostnaður bæjarins af því að veita viðskiptavinum Actic þessa þjónustu, hverjum og einum, er einnig að mati Samkeppniseftirlitsins sambærilegur við kostnað bæjarins af því að veita almennum sundgestum þjónustu. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur það litla sem enga þýðingu í þessu sambandi, þó að gestir Actic nýti sér ekki sundlaug og heita potta í hvert sinn sem þeir nýta sér aðra aðstöðu í Íþróttamiðstöðvunum, enda verður ekki betur séð en að breytilegur kostnaður sem myndast við notkun sundgesta á sundlaug eða heitum pottum sé óverulegur.

Að mati Samkeppniseftirlitsins skiptist kostnaður Kópavogsbæjar af því að veita gestum Íþróttamiðstöðvarinnar þjónustu því nokkuð jafnt niður á almenna sundgesti annars

² Upplýsingar um taxta 2010 fengnar af vefnum þann 28. apríl 2010. Eins og sjá má sýnir taflan að vísu breytingu á hlutfallslegum afslætti. Þ.e. að þeir sem kaupa á bilinu 600 árskort til 799 árskort fá kortin á sömu kortin og þeir sem kaupa 800 og fleiri. Þetta er breyting frá því sem áður var. Til þess að afsláttarkjörin af kaupum á 600 - 799 kortum hefði haldist óbreytt, hefði verið þurft að vera 10.500 kr. fyrir hvert kort í stað 12.500 kr.



vegar og viðskiptavinum Actic hins vegar og fer kostnaðarskiptingin að mati eftirlitsins í grófum dráttum eftir því hversu margir gestir eru í hvorum flokki fyrir sig.

Kópavogsbær veitir Actic auk þessa bókhalds- og uppgjörsþjónustu, þ.e. í mánaðarlegu uppgjöri, sem er umfram það sem veitt er vegna almennra sundgеста. Þessi uppgjörsþjónusta tengist bæði útleigu Kópavogsbæjar á húsnæði fyrir líkamsræktaraðstöðu, og sölu bæjarins á þjónustu í afgreiðslu, fataklefa, baðklefa og sundlaugum. Þó að þessi þjónusta birtist ekki hverjum og einum viðskiptavinum Actic sem liður í þjónustu við hann, er hún eigi að síður veitt Actic í tilefni af viðskiptum hans við Actic og þar með í tilefni af umsömdum aðgangi hans að aðstöðu í sundlaugum Kópavogsbæjar.

Þá er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að magnafsláttur í gjaldskrá sé ekki byggður á málefnalegum forsendum. Sér í lagi telur eftirlitið vafasamt, að slíkur magnafsláttur sé veittur Actic, í ljósi þess að kostnaður bæjarins af viðskiptum við Actic, sem felur m.a. í sér sölu- og bókhaldsþjónustu, virðist vera síst minni vegna einstakra viðskiptavina Actic, en vegna almennra sundgеста sem kaupa árskort á almennu verði og njóta ekki afsláttarkjara.

Íþróttamiðstöðin í Versölum og Sundlaug Kópavogs eru jafnan reknar með með verulegum rekstrarstyrk frá Kópavogsbæ. Starfsemin stendur því almennt séð ekki undir raunkostnaði. Nánar tiltekið telur Samkeppniseftirlitið að tekjur af viðskiptum Kópavogsbæjar við Actic, hvað varðar sölu árskorta í sund, hafi ekki staðið undir raunkostnaði á því tímabili sem mál þetta tekur til.

IV.

Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins.

1.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 18/2005 að frekari rannsóknar væri þörf til að komast að raun um hvort og þá að hve miklu leyti þrek og Actic væru í samkeppni. Þá komst nefndin að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að greina betur hvaða þjónusta fengist fyrir það gjald sem Actic greiðir fyrir sundlaugarkort, þ.e. árskort í sund og hvort það gjald standi undir raunkostnaði. Að því loknu bæri að meta hvort samkeppni væri raskað með samningnum.

Samkeppniseftirlitið telur að líkamsræktarstöðvar World Class og Actic séu á sama landfræðilega markaði, en telur ekki rétt að líta svo á að líkamsræktarstöðvar þessara tveggja fyrirtækja starfi endilega á sama þjónustumarkaði. Þó er það ótvírætt mat Samkeppniseftirlitsins að fyrirtækin tvö starfi á tengdum mörkuðum. Þá blasir við að mati Samkeppniseftirlitsins að Actic starfar á markaði sem önnur fyrirtæki ýmist starfa á eða gætu viljað starfa á, ef innkoma á markaðinn reyndist hagkvæm. Athafnir opinberra aðila sem t.d. auðvelda rekstur þeirra fyrirtækja sem fyrir eru á markaði án þess að slíkt geti komið væntanlegum eða núverandi keppinautum þeirra til góða, geta verkað sem aðgangshindrun inn á markaðinn og takmarkað samkeppni.



Auk framangreinds er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að viðskiptavinir Actic hafi notið niðurgreiðslu á rekstri sundlauga Kópavogs. Rekstur umræddra íþróttamannvirkja stendur ekki undir raunkostnaði, og niðurstaða eftirlitsins er sú að viðskipti bæjarins við Actic, hvað varðar aðgangseyri fyrir sund og sölu árskorta í sund, standi ekki heldur undir raunkostnaði.

Gjaldskrá fyrir árskort í sund var tekin til sérstakrar athugunar og komist að þeirri niðurstöðu hún fæli í sér mikinn magnafslátt. Talið var vandséð, hvaða forsendur væru fyrir því að veita slíkan magnafslátt almennt og sér í lagi vandséð hvaða forsendur væru fyrir því að veita þennan magnafslátt eins og háttar til um þau viðskipti sem urðu tilefni máls þessa.

Þessar niðurstöður gefa til kynna, að mati eftirlitsins, að umræddur viðskiptasamningur milli Actic og Kópavogsbæjar raski samkeppni, enda nýtur Actic með samningnum aðstöðu sem öðrum líkamsræktarstöðvum býðst ekki á sambærilegum kjörum. Nánar tiltekið telur Samkeppniseftirlitið að samningurinn raski samkeppni, enda getur samningur Actic við Kópavogsbæ virkað sem aðgangshindrun inn á þann markað sem Actic starfar á, eða skylda markaði.

2.

Samkvæmt 16. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið gripið til aðgerða gegn athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni, að því tilskyldu að sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldu til slíkra athafna.

Í því máli sem hér um ræðir hafa skapast samkeppnishömlur vegna útleigu Kópavogsbæjar á hluta af húsnæði sundlauga Kópavogsbæjar á Rútstúni annars vegar og í Versölum hins vegar og vegna annarra viðskipta sem tengjast samningum Kópavogsbæjar og leigutaka. Kópavogsbær hefur leigt þetta húsnæði til líkamsræktarstöðva og selt viðskiptavinum þeirra aðgangskort að sundlaugunum og tilheyrandi aðstöðu auk þess sem aðgangskortin gilda inn á líkamsræktarstöðvar leigutaka. Kópavogsbær hefur einnig veitt leigutaka aðra þjónustu.

Eins og fram er komið hafa viðræður milli Samkeppniseftirlitsins og Kópavogsbæjar leitt til sáttar í málinu, dags. 5. desember 2011. Hefur Kópavogsbær þannig skuldbundið sig til að hlíta skilyrðum sem eyða þeim samkeppnishindrunum sem fjallað er um hér að framan. Sáttin er gerð í samræmi við 17. gr. f. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 22. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitisins.

Ákvörðunarorð:

Kópavogsbær og Samkeppniseftirlitið hafa gert með sér sátt í samræmi við 17. gr. f. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 22. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitisins. Tilefni sáttarinnar eru samkeppnishömlur sem felast í útleigu Kópavogsbæjar á hluta af húsnæði sundlauga Kópavogsbæjar á Rútstúni annars vegar og í Versölum hins vegar og önnur



viðskipti sem tengjast samningum Kópavogsbæjar og leigutaka. Kópavogsbær hefur leigt þetta húsnæði til líkamsræktarstöðva og selt viðskiptavinum þeirra aðgangskort að sundlaugunum og tilheyrandi aðstöðu auk þess sem aðgangskortin gilda inn á líkamsræktarstöðvar leigutaka. Kópavogsbær hefur einnig veitt leigutaka aðra þjónustu. Ber Kópavogsbæ að hlíta eftirtöldum skilyrðum í þessu sambandi.

1. Skilyrði um útboð vegna leigu á húsnæðisaðstöðu.

Kópavogsbær skal bjóða út þá húsnæðisaðstöðu sem bærinn hefur leigt út til reksturs líkamsræktaraðstöðu í tengslum við rekstur sundlauga hyggist bærinn halda slíkri leigustarfsemi áfram. Gildistími nýs samnings samkvæmt útboði skal að hámarki vera átta ár. Kópavogsbær getur boðið húsnæðisaðstöðuna út tímanlega þannig að nýir samningar geti tekið gildi þegar eða áður en gildandi leigusamningar renna út.

Um er að ræða tvo leigusamninga og gildir annar þeirra til 31. ágúst 2012 og hinn til 31. ágúst 2013. Þó er Kópavogsbæ heimilt að semja við leigutaka um breyttan gildistíma þessara tveggja leigusamninga þannig að gildistíma beggja ljúki á sama tíma. Eftir slíka breytingu skulu leigusamningarnir tveir þó ekki gilda lengur en til 15. mars 2013.

2. Skilyrði um húsaleigu á tímabilinu 1. janúar 2012 og út samningstímann.

Kópavogsbær skuldbindur sig til þess að semja við leigutaka um markaðsverð fyrir umrætt húsnæði fyrir líkamsrækt. Skuldbindur Kópavogsbær sig til þess að hafa samið um slíkt verð fyrir 1. janúar 2012 og muni það gilda frá og með þeim degi þar til samið hefur verið um útleigu á umræddu húsnæði á grundvelli útboðs, sbr. tölulið 1. Markaðsverð í þessum skilningi skal fela í sér sambærilegt verð fyrir hið leigða húsnæði og almennt er sett upp fyrir sambærilegt húsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

3. Skilyrði um gjald fyrir aðgang að sundlaugum og aðstöðu sem þeim tengist.

Kópavogsbær skuldbindur sig til að semja þannig um greiðslu fyrir aðgang viðskiptavina leigutaka að sundlaugum og aðstöðu sem þeim tengist að greiðslan verði að lágmarki sem svarar lágsta gjaldi sem almennum sundlaugargestum viðkomandi sundlauga stendur til boða þegar þeir kaupa sér aðgang sem einstaklingar. Ákvæði þetta skal taka gildi þann 1. janúar 2012.

4. Skilyrði um þjónustugjald vegna sölu Kópavogsbæjar á árskortum leigutaka og annarrar þjónustu við hann.

Kópavogsbær skuldbindur sig til þess að setja upp gjald fyrir þá þjónustu sem bærinn veitir leigutakanum, þ.e. gjald fyrir sölu árskorta fyrir hönd leigutakans og fyrir uppgjör vegna sölu árskorta. Skal þetta gjald miðast við umfang



þjónustunnar og tilkostnað bæjarins við að veita hana. Ákvæði þetta skal taka gildi þann 1. janúar 2012.

5. Viðurlög.

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson